



## Fundur í sveitarstjórn

**48. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn fimmtudaginn 9. júní 2016 og hófst kl 17:05.**

**Mætt voru:** Hulda Kristín Baldursdóttir, Halldór Stefánsson, Dagrún Þórisdóttir, Sóley Indriðadóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergadóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn í fjarveru oddvita, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Varaoddviti óskar eftir 5 mínútna fundarhléi.

Fundur settur aftur 17:08.

Varaoddviti óskaði eftir því að tvö ný mál yrðu tekin inn á dagskrá. Annarsvegar „*Grynningar í höfninni á Þórshöfn*“ sem yrði númer 12 á dagskrá og hins vegar „Hesthúsahverfi – nýting forkaupsréttar“ sem yrði númer 13 á dagskrá. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

**1. Fundargerð 385. fundar Hafnasambands Íslands, dags. 17. maí 2016**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð 839. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27. maí 2016**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerð 13. aðalfundar Greiðrar leiðar ehf. dags. 10. maí 2016**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**4. Fundargerð 18. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 23. maí 2016**

*Liður 1. Umsóknir um skólastjórastöðu við Grunnskólann á Þórshöfn*

Tvær umsóknir hafa borist um stöðu skólastjóra. Nefndin mælir með ráðningu Ásdísar Hrannar Viðarsdóttur.

**Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að ráða Ásdísi Hrönn Viðarsdóttur sem skólastjóra Grunnskólann á Þórshöfn.

Samþykkt samhljóða.

*Liður 2. Tónlistarskóli Langanesbyggðar*

Tvær umsóknir bárust í afleysingar kennara við skólann næsta vetur. Nefndin mælir með



## LANGANESBYGGÐ

ráðningu Ragnars Jóns Grétarssonar.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir að ráða Ragnar Jón Grétarsson sem tónlistarkennara í afleysingar.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

### **5. Innsent erindi – Báran KNA ósk um flutning upplýsingaveitu**

Lagt var fram bréf frá Báranni KNA veitingum þar sem óskað er eftir að staðsetning upplýsingaveitunnar verði færð.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar þakkar innsent erindi og fagnar frumkvæði bréfitara en sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við erindinu á þeim rökum að um samkeppnismál sé að ræða og að ekki sé áætlað fyrir þeim kostnaði sem af erindinu hlýst í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins vegna yfirstandandi rekstrarárs.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

### **6. Innsent erindi – Eigendur Þorsteinsstaða - ósk um stofnun eignalóðar**

Eigendur Þorsteinsstaða óska eftir því að fá að stofna nýja eignalóð fyrir gangnamannahúsið Arnarfell (Vesturkofa).

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar vísar erindinu til umfjöllunar og umsagnar í Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar og Umhverfis- og Skipulagsnefnd.

Samþykkt samhljóða

### **7. Erindi – ósk um leyfi frá störfum oddvita og sveitarstjórnarmanns**

Reynir Atli Jónsson óskar eftir leyfi frá störfum sem oddviti og sveitarstjórnarmaður í Langanesbyggð í allt að 6 mánuði frá og með 9. júní 2016.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir ósk um leyfi frá störfum.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

### **Reynir Atli óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi bókun:**

Síðustu tvö ár hefur ríkt leiðinda ástand innan sveitarstjórnar sem hamlar starfi hennar og virkni, ásamt því að skemma samheldni þá, sem nauðsynleg er litlum stöðum eins og Þórshöfn og Bakkafirði. Mikil og flókin verkefni eru framundan og tel ég gríðarlega mikilvægt að sveitarstjórnarfolk í Langanesbyggð starfi saman af heilindum fyrir sveitarfélagið.

Ég skal glaður axla mína ábyrgð í þeim leiðindum og bið þau hér með afsökunar sem ég kann að hafa sært. Þó hefur aldrei annað fyrir mér vakað, þrátt fyrir dylgjur um annað, en að fylgja minni sannfæringu hverju sinni og að hafa hagsmuni sveitarfélagsins að leiðarljósi. Eini húsbóndi sveitarstjórnaþólks er samviskan og henni ber að fylgja.



## LANGANESBYGGÐ

Hvet þau sem hér sitja til sátta og að láta velferð sveitarfélagsins leiða störf ykkar.

U-listinn óskar eftir 10 mínútna fundarhléi.

Fundur settur aftur kl. 17.14

### 8. Bogabruin yfir Miðfjarðará 100 ára

N-listi vekur athygli sveitarstjórnar á eftirfarandi:

Nú líður að því að Bogabruin yfir Miðfjarðará verði 100 ára. Færa má góð rök fyrir því að umrædd brú sé merkur minnisvarði um samgöngur fyrri tíma. Í tilefni af aldarafmæli brúarinnar leggur N-listinn til að Vegagerðin hafi forgöngu um uppgerð brúarinnar og færi hana með því til upprunalegs útlits.

#### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir mikilvægi málsins og felur Menningarnefnd að vinna málið áfram með sveitarstjóra ásamt því að koma málinu á framfæri við Vegagerðina.

Samþykkt samhljóða.

### 9. Göngubrú Steintúni

N-listi vekur athygli sveitarstjórnar á eftirfarandi:

Á leiðinni út að Digranesvita, við Steintún, er gömul brú sem þarfnast sárlega uppgerðar. Brúin er notuð af útivistarfólki á svæðinu enda á mjög fallegri gönguleið. Lagt er til að sveitarfélagið hafi forgöngu um uppgerð brúarinnar.

#### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að ræða við landeiganda og athuga hvort vilji sé fyrir uppgerð brúarinnar.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

### 10. Ströndin – ástand vegar

Um áratugaskeið hafa samgöngur milli þéttbýliskjarnanna verið allsendis óviðunandi. Oft hefur verið rætt um nauðsyn vegabóta en lítill framgangur orðið. Sveitarstjórnarfolk í Langanesbyggð hefur ítrekað komið þessum málum á framfæri við kjörna fulltrúa og þær stofnanir sem um véla. Nú í vor og sumar hefur vegurinn verið svo gott sem ófær þar sem finefni hefur vantað á stórum köflum. Alvarleiki málsins kristallaðist nú nýverið þegar undanfarabíll Slökkviliðs Langanesbyggðar þurfti að aka veginn í forgangsakstri. Við þennan akstur urðu verulegar skemmdir á bílnum ásamt og að bíllinn var lengur á leiðinni en ásættanlegt er. Á reglulegu ferðalagi þingmanna um sveitarfélagið síðastliðið haust var meginhluti fundartíma nýttur af sveitarstjórn Langanesbyggðar í það að fræða þingmenn um þennan veg og þá miklu þörf sem er á samgöngubótum. Sambærilegum fróðleik hefur oft áður verið komið á framfæri við þingmenn kjördæmisins. Einnig hefur Vopnafjarðarhreppur lagt áherslu á mikilvægi vegabóta á Langanesströnd í sínum málflutningi er varðar samgöngur. Það er gert vegna þess að umræddur vegur stendur í vegi fyrir framþróun ferðaþjónustu á svæðinu.

#### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að koma ofangreindu á framfæri við



## LANGANESBYGGÐ

ráðherra, þingmenn og Vegagerðina.

Samþykkt samhljóða.

### 11. Fastanefnd – skipun í Velferðarnefnd

Fyrir liggur að skipa þarf nefndarmenn í nýja Velferðarnefnd Langanesbyggðar. Formaður var skipaður Jón Gunnþórsson á 44. fundi sveitarstjórnar þann 17. mars 2016. Með samþykkt á breytingu samþykktar sameinaðra nefnda var ákveðið að kjósa skyldi 4 fulltrúa frá Langanesbyggð og 4 til vara. Að auki skyldi eiga sæti 1 fulltrúi frá Svalbarðshreppi og á sama hátt 1 til vara. Frá Svalbarðshreppi hefur verið skipað Ina Leverkhöne sem aðalfulltrúi og Vala Friðriksdóttir til vara.

#### **Meirihluti sveitarstjórnar leggur til eftirfarandi nefndarmenn:**

##### **Aðalfulltrúar:**

Jón Gunnþórsson

Ránar Jónsson

##### **Varafulltrúar:**

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir

Sigríður Harpa Jóhannesdóttir

#### **U-listinn leggur til eftirfarandi nefndarmenn:**

##### **Aðalfulltrúar:**

Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir

Sólveig Sveinbjörnsdóttir

##### **Varafulltrúar:**

Björgvin Þóroddsson

Hrefna Marinósdóttir

### 12. Grynningar í höfninni á Þórshöfn

Sveitarstjóri fór yfir málið og framlögð gögn, lagt er til að sveitarstjórn veiti heimild til dýpkunar í höfninni á Þórshöfn. Hafnarnefnd hefur á fundum sínum fjallað um málið, þar hefur komið fram mikilvægi þess að í framkvæmdina verði ráðist. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 9,7 milljónir.

#### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir umrædda framkvæmd og um leið að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun í samræmi við 63. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Kostnaður eignfærist (42-4256-56301) og fjármagnast út úr rekstri hafnarinnar.

Samþykkt samhljóða.

### 13. Hesthúsahverfi – nýting forkaupsréttar

Komið hefur fram boð um nýtingu forkaupsréttar á hesthúsi því sem efst stendur við Hálsveg. Fyrirliggjandi tilboð í húsið hljóðar upp á 350 þúsund krónur. Lagt er til að



## LANGANESBYGGÐ

sveitarfélagið nýti sér forkaupsréttinn.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar veitir sveitarstjóra heimild til að nýta forkaupsréttinn og ganga frá málinu.

Samþykkt samhljóða.

### **14. Eignasjóður – framkvæmdir**

#### U-listinn bókar eftirfarandi:

Elías Pétursson sveitarstjóri hefur lagt fyrir sveitarstjórn kostnaðarsamar framkvæmdir sem eru ekki á fjárhagsáætlun og ætlast til þess að sveitarstjórn samþykki án þess að fyrir liggi viðaukar og þær upplýsingar sem sveitarstjórnarlög krefjast.

Það er mat U-listans að framkvæmdastjórn sveitarfélagsins sé stórlega ábótavant og það traust sem þarf að ríkja milli sveitarstjórnarmanna og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins, sé ekki fyrir hendi. U-listinn hefur bæði unnið í meirihluta og minnihluta í sveitarstjórn Langanesbyggðar með Elías sem framkvæmdastjóra, og miðað við þá reynslu mun U-listinn ekki geta samþykkt að fela honum þau verkefni sem slíku starfi fylgir. Þetta er meðal annars ástæða þess að U -listinn hefur setið hjá við afgreiðslu mála. Við lýsum yfir vantrausti á sveitarstjórnann og leggjum til að hann verði látinn hætta störfum strax.

Varaoddviti tekur fundarhlé kl. 18:00

Fundur settur aftur kl. 18:10

#### Bókun varaoddvita:

Minnihlutinn hefur fulla heimild til að koma fram með bókun en varaoddviti hafnar því að bókunin verði tekin til atkvæðagreiðslu.

#### Meirihlutun bókar eftirfarandi:

Meirihluti sveitarstjórnar lýsir yfir fullu trausti með störf Elíasar Péturssonar sveitarstjóra og treystir því að hann vinni af heilindum fyrir sveitarfélagið.

#### **a. Kostnaðaráætlun vegna endurbóta Grunnskólans á Þórshöfn**

Sveitarstjóri lagði fram uppfærða kostnaðaráætlun vegna úrbóta á húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn. Kostnaðaráætlun hljóðar upp á 71,2 milljónir. Innifalið í þeirri fjárhæð er nýtt þak á elsta hluta skólans og anddyri, nýjar list- og handmenntastofur, ný gólfefni á stóran hluta skólans, endurnýjun hitalagna og fleira. Sveitarstjóri kom því á framfæri að í verkum af þessu tagi þar sem barist væri við myglu þá væri mjög erfitt að gera nákvæma fjárhagsáætlun og því væri óvissa einhver. Leitað hefur verið til fjölmargra sérfræðinga til þess að lágmarka óvissu sem kostur er. Einnig hefur áhrif á verkið hve skammur tími hefur gefist til undirbúnings en það er eðli vandamála sem þessara.

Sveitarstjóri óskar hér með heimildar til að vinna málið áfram á þeim forsendum sem lagðar hafa verið fyrir.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framkvæmdina og leggur á það



## LANGANESBYGGÐ

áherslu að gætt verði ýtrasta kostnaðaraðhalds en um leið verði allt gert sem mögulegt er til að komast fyrir þau vandamál sem eru uppi.

Einnig samþykkir sveitarstjórn að halda íbúafund þann 22. júní næstkomandi kl. 20.00.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

### **b. Kostnaðaráætlun vegna endurnýjunar loftræstikerfis sundlaugar við Íþróttahús**

Lagt er fram minnisblað frá EFLU er varðar verðkönnun á smíði og uppsetningu á loftræstibúnaði í sundlaugarrými íþróttahússins Vers. Samkvæmt verðkönnun er kostnaður við smíði loftræstikerfis 8,5 milljónir. Heildarframkvæmdarkostnaður við að koma upp loftræstikerfi er áætlaður um 12 millj. með rafmagnstengingum og öðru.

#### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framkvæmdina og leggur á það áherslu að gætt verði ýtrasta kostnaðaraðhalds en um leið verði allt gert sem mögulegt er til að komast fyrir þau vandamál sem eru uppi.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

### **c. Fjármögnun framkvæmda**

Sveitarstjóri fór yfir mögulega fjármögnun framkvæmdanna og leggur til að leitað verði til Lánasjóðs íslenskra sveitarfélaga um fjármögnun að fjárhæð kr. 77 millj. Sveitarstjóri hefur framkvæmt könnun á vaxtakjörum og telur einsýnt að hagkvæmast sé að leita samstarfs við Lánasjóðinn.

#### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar veitir hér með sveitarstjóra heimild til lántöku á forsendum sem hér að ofan greinir.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

### **d. Viðauki við fjárhagsáætlun 2016**

Með vísan til ofangreindra liða er hér með lagður fram viðauki I við fjárhagsáætlun fyrir árið 2016. Viðaukinn er gerður í samræmi við 63 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

#### Breytingar á fjárfestingu:

a. Endurbætur á skólahúsi á Þórshöfn samkvæmt framkvæmda- og kostnaðaráætlun verkfræðistofunnar EFLU Verkfræðistofu kr. 71,2 millj. króna.

b. Loftræstikerfi í sundlaug, hækkun á áætluðum kostnaði 5,0 millj. kr. samkvæmt verðkönnun en áður hafði verið áætlað fyrir 7 millj. kr. framkvæmd á fjárhagsáætlun.

Samtals viðbótarfjárfesting 76,2 millj. kr.

Fjármagnað með láni að fjárhæð 77,0 millj. kr. Handbært fé í árslok mun lækka



## LANGANESBYGGÐ

um 0,9 millj. kr. og verða 32,0 millj. kr.

### Breytingar á tekjulíðum:

Engar.

### Breytingar á gjöldum:

Vegna nýrrar lántöku munu vaxta- og verðbóttagjöld hækka um 2,6 millj. kr.

### Rekstrarniðurstaða:

Eftir breytingar verður rekstrarniðurstaða fjárhagsáætlunar 2016 jákvæð sem nemur 27,7 millj. kr.

Í meðfylgjandi yfirlitum er sýnt hvaða áhrif þessi viðauki hefur á upphaflega samþykkt áætlun.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir framlagðan viðauka.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

## **15. Rekstraruppgjör – janúar til apríl**

Sveitarstjóri fór yfir rekstraruppgjör Langanesbyggðar vegna fyrstu fjögurra mánuða ársins 2016.

Sveitarstjóri benti á að ýmsir rekstrarliðir eru hærri en fjárhagsáætlun 2016 gerði ráð fyrir. Ræður þar miklu annarsvegar aukinn launakostnaður og hins vegar mun lægri tekjur hafnarinnar vegna loðnubrests. Einnig hefur áhrif að ýmsar þær aðgerðir sem ráðgerðar voru í fjárhagsáætlunargerð hafa ekki gengið eftir. Unnið er að frávikagreiningu og mun greiningin verða lögð fyrir sveitarstjórn innan tíðar. Einnig er verið að setja í gang samtal við einstaka deildarstjóra. Sveitarstjóri áréttaði að mjög mikilvægt væri að fjárhagsáætlun stæðist og að A-hluti sveitarsjóðs væri rekinn með jákvæðri afkomu.

Sveitarstjóri leggur til að fjárhagsáætlun 2016 verði tekin upp og endurskoðuð í samræmi við breyttar forsendur og aðstæður.

### **Bókun:**

Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir upptöku fjárhagsáætlunar og felur sveitarstjóra að leggja fram greiningu á frávikum á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

4 samþykkja, Halldóra Jóhanna, Siggeir og Björn Guðmundur sitja hjá.

## **16. Skýrsla sveitarstjóra**

Sveitarstjóri fór yfir framgang og stöðu verkefna sem ekki eru tilgreind hér að ofan.

Mikil vinna hefur farið í að koma verkefnum tengdum endurbótum á skólahúsnaði og íþróttahúsi. Málningarvinna við skólahúsnaðið er að hefjast. Þrátt fyrir leit þá hefur enginn sumarstarfsmaður fundist á Bakkafirði, einungis sótti einn um starf í unglíngavinnu. Sakir þess þá hefur ekki tekist að koma á vinnuskóla á Bakkafirði. Sveitarstjóri vinnur nú að því að gætt verði að umhirðu lóða og eigna þar. Reiknað er með að það, að óbreyttu, vinnist með starfsmönnum sveitarfélagsins og aðkeyptri vinnu.



## LANGANESBYGGÐ

Verið er að ljúka úthlutun sértæks byggðakvóta á Bakkafirði og brátt verður úthlutað vegna tímabils þrjú.

Sveitarstjóri var í viðtali í hádegisfréttum RÚV hvar hann ræddi allsendis óásættanlegt ástands vegarins um Brekknaheiði og Langanesströnd.

Sveitarstjóri, oddviti og varaoddviti funduðu með sveitarstjóra og oddvita Vopnafjarðarhrepps, fundarefnið var Finnafjarðarverkefnið og þau næstu skref sem taka þarf í kjölfar undirritunar viljayfirlýsingar aðila verkefnisins og ríkisins. Einnig voru á fundinum ræddir ýmsir snertifletir og sameiginlegir hagsmunir sveitarfélaganna.

Unnið hefur verið að framtíðarskipulagi vargeyðingar og lauk þeirri vinnu með auglýsingu nú um daginn. Meginreglur eru þær að nú verður greitt eitt verð fyrir veidd dýr, fast leitargjald vegna grenjaleitar og einungis verða greidd laun til aðila sem eru með samning við sveitarfélagið.

Fundað hefur verið í samrekstrarnefnd og fulltrúum Svalbarðshrepps gerð grein fyrir því að vilji Langanesbyggðar standi til að taka samninginn upp og endurskoða. Einnig þarf að hefja vinnu við endurskoðun þar sem viðauki sá er snýr að skólarekstri er tímabundinn.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:14